



DÓMSTÓLARÁÐ

Alþingi
Erindi nr. P 132/1936
komudagur 28.4.2006

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Reykjavík, 27. apríl 2006

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um dómstóla nr. 15/1998 og lögum um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Með bréfi dagsettu 12. apríl 2006 var Dómstólaráði sent framangreint frumvarp til umsagnar.

Dómstólaráð fjallaði um framangreint frumvarp á fundi sínum 19. apríl sl. Ekki þykja efni til að ráðið gefi heildarumsögn um frumvarpið. Hins vegar fara hér á eftir umsagnir um tvö ákvæði frumvarpsins, sem sérstök ástæða þótti til að taka afstöðu til.


Um 2. gr. frumvarpsins:

Dómstólaráð vekur athygli á að dómar Hæstaréttar hafa frá opnun heimasíðu Hæstaréttar árið 1999, verið birtir sama dag og þeir eru kveðnir upp, samkvæmt reglum sem Hæstiréttur hefur sjálfur sett. Sami háttur er hafður á um birtingu héraðsdóma á netinu. Dómstólaráð telur að ákvæðið komi í veg fyrir að birting dóma Hæstaréttar á netinu þjóni því hlutverki sínu að auðvelda aðilum, lögmönnum og öðrum aðgang að dómstólnum. Það stuðli því að auknu álagi á starfsfólk Hæstaréttar, sem muni m.a. birtast í því að starfsfólkið þarf að útbúa endurrit dóma sama dag og þeir eru kveðnir upp fyrir fjölmiðla, aðila, lögmenn þeirra og aðra sem hagsmuna hafa að gæta af dómsúrlausninni. Dómsuppkvaðningin er opinber og fer fram í heyranda hljóði og skýtur það að mati Dómstólaráðs skökku við að hindraður sé aðgangur að uppkveðnum dómum Hæstaréttar með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í ofangreindu ákvæði. Jafnframt verður að ætla að sá tími sem líður frá uppkvaðningu þar til dómur birtist kl. 16.30 á netinu sé nægjanlegt svigrúm fyrir lögmenn til að gera skjólstæðingum sínum grein fyrir niðurstöðum dóma.

Um 3. gr. frumvarpsins:

Í 3. gr. frumvarpsins gert ráð fyrir því að Dómstólaráði sé heimilt að fela löglærðum starfsmanni að sinna verkefnum sem upplýsingagildi hafa gagnvart almenninni. Í umsögn fjármálaráðuneytisins um þetta ákvæði kemur fram að miðað við fullt starf gæti kostnaður við þetta verið um 5-6 milljón krónur á ári. Ekki er gert ráð fyrir því að Dómstólaráði verði bættur sá kostnaður sem kann að hljótast af því að ráða slíkan starfsmann og gert ráð fyrir því að það ráðist af fjárhagslegu svigrúmi Dómstólaráðs á hverjum tíma. Í ljósi þess er það mat Dómstólaráðs að ákvæði þetta sé óþarft, enda hefur dómstólaráð heimildir að óbreyttum lögum um dómstóla til þess að ráða til sín starfsfólk.

F.h. Dómstólaráðs


Ingveður Einarsson
formaður